

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Gröf, lóð 15C, landnr. 196564, Setberg.

Breytingin felst í að skipulagsskilmálar frístundasvæðisins Setbergs, sem ná yfir lóð nr. 4, breytast á þann hátt að byggja megi til viðbótar 32 m² gestahús á lóðinni. Samkvæmt núgildandi deiliskipulagi er aðeins heimilt að byggja eitt sumarhús allt að 100 m² innan byggingarreits. Samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar 21. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. júní 2019.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2019